



Umhverfisráðherra  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2018.

**Efni: Málsmeðferð Skipulagsstofnunar og krafa um úrskurð ráðherra.**

Ágæti ráðherra

Með bréfi þessu vill Landssamband veiðifélaga vekja athygli athygli ráðherra á þeim ámælisverðu vinnubrögðum sem Skipulagsstofnun virðist hafa tekið upp, þegar útgefið álit stofnunarinnar um umhverfisáhrif sjókvíaeldis Háafells ehf. á frjóum laxi af framandi norskum stofni í Ísafjarðardjúpi var dregið til baka að ósk framkvæmdaraðila. Um öll atvik málsins vísast til bréfs sem sent var Skipulagsstofnun hinn 9. apríl s.l. þar sem Landssambandið gerði alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð stofnunarinnar. Skipulagsstofnun hefur ekki brugðist við erindinu en afrit af bréfinu var einnig sent ráðuneyti yðar. Kröfu Landssambandsins um að fá hið útgefna álit í hendur hefur ekki verið sinnt þótt lög standi til þess að að Skipulagsstofnun kynni þeim er sendu inn athugasemdir við frummatsskýrslu, þegar hún var til kynningar, álit sitt. Þótt Skipulagsstofnun hafi brugðist þessari lagaskyldu sinni virðist stofnunin hafa sérstaklega kynnt þeim umsagnaraðilum sem eru meðmæltir framkvæmdinni álitinu, áður en það var dregið til baka, en álitinu er birt opinberlega í fundargerð bæjarráðs á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Landssambandið telur að niðurstöður umhverfismatsins, sem fram kom í álitu Skipulagsstofnunar, séu svo afgerandi að engar forsendur geti verið til staðar sem réttlæta það að álitinu verði dregið til baka, verði áformum um eldi í Ísafjarðardjúpi á norskum frjóum laxi af framandi stofni haldið til streitu. Er sérstaklega bent á eftirfarandi:


1. Skipulagsstofnun leggur áhættumat Hafrannsóknarstofnun til grundvallar álitu sínu sbr. það sem segir á bls. 34. í matsskýrslu um erfðablöndun norskra eldislaxa við íslenska laxastofna sem þegar hefur átt sér stað á Vestfjörðum.
2. Á sömu bls. kemur fram að álit Skipulagsstofnunar byggir á leiðbeiningum Erfðanefndar landbúnaðarins þar sem erfðanefndin leggst gegn frekar útgáfu eldisleyfa á norskum laxi í sjó, þar sem slíkt skapi hættu á skaða vegna erfðablöndunar við villta laxastofna.
3. Þá byggir álit Skipulagsstofnunar á úrskurði Úrskurðarnefndar um umhverfis- og skipulagsmál um að sú staðsetning eldiskvía fari í bága við fyrirmæli um lágmarksfjarlægð frá ós Langadalsár og Hvannadalsár.
4. Neikvæð samlegðaráhrif framkvæmdarinnar við annað fyrirhugað eldi í Djúpinu.

Öll þau atriði sem stofnunin tilgreinir í álitu því, sem dregið var til baka, gera það að verkum að óraunhæft er með öllu að viðbótarupplýsingar geti breytt nokkru um niðurstöðu í umhverfismati .

Landssambandið telur að framangreind vinnubrögð sem Skipulagsstofnun hefur viðhaft í máli þessu séu ámælisverð og ekki í samræmi við það ferli sem lög nr. 106/2000 mælir fyrir um. Þá er einnig ljóst að sá hringlandaháttur sem einkennir málsmeðferð Skipulagsstofnunar er í engu samæræmi við vandaða stjórnslu. Landssambandið telur að líta beri til meginreglna sem fram koma í VI. kafla stjórnslulaga um afturköllun ákvörðunar ofl. til leiðbeiningar við mat á málsmeðferð Skipulagsstofnunar.

Í ljósi þess að Skipulagsstofnun framkvæmir fyrirmæli laga nr. 106/2000 og starfar á ábyrgð ráðuneytis yðar fer Landssambandið fram á að ráðherra taki til skoðunar hvort Skipulagsstofnun hafi viðhaft vandaða stjórnsluhætti þegar stofnunin gaf út álit sem kynnt var völdum aðilum og síðan dregið til baka. Þá er óskað úrskurðar ráðherra um lögmæti þeirrar málsmeðferðar sem stofnunin viðhafði og gerð krafa um að Skipulagsstofnun verði gert að breyta ákvörðun sinni um að draga útgefið álit sitt til baka. Vísast til þeirra lagasjónarmiða sem fram koma í bréfi Landssambandsins til Skipulagsstofnunar til stuðnings kröfunni um úrskurð ráðherra.

Virðingarfyllt,  
fh.  
Landssambands veiðifélaga



Jón Helgi Björnsson,  
formaður LV

Meðfylgjandi er;  
Bréf LV dagsett 9. apríl 2018 til Skipulagsstofnunar